

Prófnefnd löggiltra endurskoðenda

Próf til löggildingar í endurskoðunarstörfum – seinni hluti

11. október 2017

kl. 9:00 – 17:00

Ábendingar:

Áætlaður tími við úrlausn hvers verkefnis svarar til vægis þess í heildareinkunn. Það er skynsamlegt að nýta próftímamann með hliðsjón af vægi verkefna.

Vinsamlega notið word- og excel-skjöl sem fylgja fyrir lausnir verkefna, eftir því sem við á.

Merkið allar lausnir með prófnúmeri og einungis með prófnúmeri. Ef úrlausn er merkt með nafni prófmanns telst hún ógild og prófmaður fallinn.

Ætlast er til að vísað sé til staðla, laga og annarra heimilda eftir því sem tilefni er til hverju sinni. Ekki er nægilegt að vísa til einstakra staðla í heild sinni, heldur er ætlast til að vísað sé til einstakra greina eftir því sem við á.

Prófmenn hafa á heimasvæði prófsins aðgang að alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum, alþjóðlegum reikningskilastöðlum, lögum, reglugerðum og reglum, sem gæti reynt á í prófinu. Óheimilt er að sækja eða nota önnur rafræn gögn en þau sem eru á heimasvæði prófsins.

Prófmenn eru beðnir um að skila í prófmöppu að prófinu loknu rafrænni úrlausn. Prófmenn bera ábyrgð á vistun úrlausna.

Prófmönnum er heimilt að taka með sér prófið, fylgiskjöl og lausnir að loknum seinni prófdegi.

Verkefni 10 – 90 mín.

Sem endurskoðandi stendur þú frammi fyrir eftirtöldum aðstæðum, sem allar eru ótengdar innbyrðis, vegna endurskoðunaráritunar á ársreikning 2016. Það skal tekið fram að ekkert af neðangreindum félögum er eining tengd almannahagsmunum (e. PIE).

1. AA ehf. er laxeldisfyrirtæki. Í samstæðuársreikningi félagsins 31.12.2016 eru eignfærðar birgðir af eldislaxi upp á 250 milljónir króna. Við endurskoðun þína á birgðunum kom fram að þú ert ekki sammála þeim forsendum sem stjórnendurnir gáfu sér við mat á virði birgðanna. Miðað við þínar forsendur er virði birgðanna 50 milljónum króna lægra. Þú ert búinn að fara yfir þetta með stjórnendum félagsins en þeir eru ekki sammála þér. Telja þeir að þær forsendur sem þeir hafi notað séu eðlilegar og því standi birgðirnar undir bókfærðu verði. Þeir segja þó að auðvitað sé alltaf einhver óvissa í mati á virði birgða af eldislaxi eins og fram komi í skýringum um reikningsskilaaðferðir í samstæðuársreikningnum. Þeir sjá því ekki ástæðu til að breyta samstæðuársreikningnum. Heildarmikilvægismörk (e. overall materiality) við endurskoðunina hafa verið ákvörðuð 25 milljónir króna.
2. BB ehf. er búíð að vera í rekstri lengi en undanfarin ár hefur heldur sigið á ógæfuhliðina. Félagið hefur verið rekið með tapi síðustu 3 ár og nú er svo komið að eigið fé félagsins er orðið neikvætt og skammtímaskuldir eru orðnar hærri en veltufjármunir. Þú nefndir þetta við stjórnendur félagsins og þeir segjast vera meðvitaðir um stöðuna og sýna þér fram á hagræðingaradgerðir sem gripið hefur verið til á árinu 2017 og trúverðugar áætlanir um hvernig þeir hyggjast vinda ofan af vandamálinu. Enn fremur hefur komið fram að fjallað er um þetta með ítarlegum hætti í skýringum í ársreikningnum.
3. CC ehf. er þjónustufyrirtæki sem rekið hefur verið í nokkur ár og hefur reksturinn gengið ágætlega. Fjármálastjórinn hefur séð um að gera ársreikninga félagsins undanfarin ár en þeir hafa ekki verið endurskoðaðir. Nú er félagið orðið það stórt að það er orðið endurskoðunarskylt og þú varst því ráðinn á árinu 2016 til að endurskoða ársreikninginn vegna ársins 2016. Í ársreikningnum sem unninn var af fjármálastjóra félagsins kemur fram að samanburðarfjárhæðir frá árinu 2015 hafi ekki verið endurskoðaðar. Þú og þitt endurskoðunarteymi hafið lokið endurskoðunarvinnu ykkar án athugasemda að öðru leyti en því að þið hafið gert athugasemdir við mat á virði viðskiptakrafna. Í efnahagsreikningi CC ehf. 31.12.2016 eru eignfærðar viðskiptakröfur að fjárhæð 310 milljónir króna. Um er að ræða viðskiptakröfur að nafnverði 320 milljónir króna sem búíð er að niðurfæra með óbeinni niðurfærslu að fjárhæð 10 milljónir króna. Þú ert ekki sammála þeim forsendum sem stjórnendur félagsins gáfu sér við útreikning á óbeinu niðurfærslunni. Miðað við þínar forsendur ætti óbeina niðurfærslan að vera um 25 milljónir króna en ekki 10 milljónir króna. Þú ert búinn að ræða þetta við stjórnendur félagsins en þeir eru ekki sammála þér. Þeir telja að þær forsendur sem þeir hafi notað séu eðlilegar og því sé 10 milljóna króna óbein niðurfærsla eðlileg. Þeir vilja því ekki breyta ársreikningnum. Heildarmikilvægismörk (e. overall materiality) við endurskoðunina hafa verið ákvörðuð 30 milljónir króna.

4. Í efnahagsreikningi DD ehf. 31.12.2016 eru verulegar langtímaskuldir við viðskiptabanka félagsins. Við skoðun þína á lánasamningum vegna þessara skulda kemur fram að bankinn hefur meðal annars sett skilyrði um að fengin sé skrifleg heimild fyrir öllum arðgreiðslum út úr félaginu ella geti bankinn gjaldfellt öll lánin. Við endurskoðunarvinnu þína hefur þú fengið staðfest að þrátt fyrir umtalsverða arðgreiðslu út úr félaginu á árinu 2016 var skrifleg heimild fyrir henni ekki fengin frá bankanum. Ennfremur kom fram við endurskoðunarvinnuna að stjórnendur félagsins höfðu ekki látið bankann vita af þessari umtalsverðu arðgreiðslu og að þeir hafa ekki hug á að gera það. Það er ekkert getið um þetta í ársreikningi félagsins árið 2016 og stjórnendur félagsins telja ekki ástæðu til þess.
5. EE ehf. er félag sem hefur haft þann eina tilgang að reisa og reka kísilmálmverksmiðju í Grænabæ. Bygging verksmiðjunnar hófst á árinu 2016 og var uppsafnaður kostnaður vegna hennar kominn í um 2 milljarða króna í árslok 2016 af áætluðum heildarkostnaði upp á um 10 milljarða króna. Af þessum 2 milljörðum króna hafa um 500 milljónir verið fjármagnaðir með eigin fé en um 1.500 milljónir með lánum frá móðurfélaginu. Ennfremur átti félagið um 100 milljónir króna í handbæru fé í árslok 2016 sem einnig var fjármagnað með lánum frá móðurfélaginu. Það er hins vegar því miður þannig að uppbygging verksmiðjunnar hefur gengið illa. Meðal annars hefur ekki tekist að ná samningum um kaup á rafmagni sem þarf til starfseminnar né að tryggja fjármagn til að ljúka byggingu hennar. Stjórn EE ehf. ákvað því á fundi í desember 2016 að blása verkefnið af. Þar sem um sérhæfða verksmiðjubyggingu er að ræða er ekki talið að mikið fáiist fyrir hana og því hefur bókfært verð hennar verið fært niður í 0 krónur í ársreikningi. Virðisrýrnunin um 2 milljarðar króna er gjaldfærð í rekstrarreikningi. Sagt er frá þessu með ítarlegum hætti í skýringum í ársreikningnum. Vegna ofangreindrar niðurfærslu er eigið fé EE ehf. verulega neikvætt í ársreikningnum. Skuldir félagsins eru hins vegar eingöngu við móðurfélagið og liggur fyrir staðfesting frá stjórn þess um að móðurfélagið hyggist ekki ganga að kröfum sínum, heldur eiga félagið áfram. Sagt er frá þessu með ítarlegum hætti í skýringum í ársreikningnum.

Úrlausnarefni:

Fyrir sérhvert tilvik sem lýst er hér að framan:

- a) Gerðu grein fyrir því hvort þú teljir að viðkomandi aðstæður kalli á að nauðsynlegt sé að víkja frá hefðbundinni fyrirvaralausri áritun. Rökstyddu vel hvers vegna.
- b) Stílltu upp endanlegri áritun í heild sinni fyrir hvert tilvik samkvæmt niðurstöðu þinni í lið a. Við þá vinnu getur þú stuðst við drög að mismunandi stöðluðum áritunum sem þú hefur aðgang að á tölvutæku formi á heimasvæði prófsins. Vandaðu orðalag áritunarinnar.

Rökstyddu svarið með tilvísun í lög, reglur, staðla eða önnur gögn eftir því sem þú telur ástæðu til.

Svarið í word-svarskjali

Verkefni 11 – 30 mín.

Á félagsfundi sem haldinn var hjá Félagi löggiltra endurskoðenda nýlega voru umræður um svokallaðar „fyrirfram samþykktar aðgerðir“ (e. agreed-upon procedures) varðandi fjárhagslegar upplýsingar. Á fundinum voru mjög skiptar skoðanir um hve mikla vinnu þarf að inna af hendi við slíka vinnu. Í framhaldi af fundinum kom formaður Félags löggiltra endurskoðenda að máli við þig. Hann óskaði eftir því að þú tækir saman minnisblað sem hægt væri að senda á alla félagsmenn um helstu kröfur sem alþjóðlegir endurskoðunarstaðlar gera til vinnu við slík verkefni.

Úrlausnarefni:

Taktu saman stutt og greinargott minnisblað sem hægt væri að dreifa til allra félagsmanna Félags löggiltra endurskoðenda um helstu kröfur sem alþjóðlegu endurskoðunarstaðlarnir gera til vinnu við svokallaðar „fyrirfram samþykktar aðgerðir“ (e. agreed-upon procedures). Vísaðu í minnisblaðinu í staðlana eftir því sem við á.

Rökstyddu svarið með tilvísun í lög, reglur, staðla eða önnur gögn eftir því sem við á.

Svarið í word-svarskjali

Verkefni 12 – 15 mín.

Fyrirtaksfélagið hf. var stofnað árið 2010. Félagið gerir reikningsskil sín í samræmi við lög um ársreikninga. Rekstur félagsins hefur gengið vel undanfarin ár. Starfsmönnum hefur fjölgað jafnt og þétt og velta aukist mikið síðustu ár. Nýráðinn yfirmaður reikningshaldsdeildar félagsins vinnur nú að gerð ársreiknings þess fyrir árið 2016. Honum þykja ársreikningar félagsins á fyrri árum heldur rýrir í roðinu og er að velta fyrir sér hvort bæta þurfi úr svo öllum kröfum ársreikningalaga sé fylgt. Hann leitar til þín um nokkur mál vegna þessa. Eitt þeirra atriða sem hann langar að vita er hvort félagið þurfi að veita upplýsingar um tengda aðila.

Verkefni þitt er að svara eftirfarandi spurningum með viðeigandi tilvísunum og rökstuðningi:

- 1. Verður félagið að veita upplýsingar um tengda aðila í ársreikningi sínum?**
- 2. Óháð niðurstöðu þinn í lið 1 skal gera ráð fyrir að félagið ætli að veita upplýsingar um tengda aðila í ársreikningi sínum. Hvaða reglur gilda? Athugið að hér er ekki verið að leita eftir upptalningu á mögulegum tengdum aðilum félagsins heldur hvort það séu einhverjar reglur sem félagið ætti að beita við mat á því hverjir teljist tengdir aðilar þess.**

Svarið í word-svarskjali

Verkefni 13 – 15 mín.

Félagið FinTec hf. beitir ársreikningalögum. Bókfært verð viðskiptavildar hjá félaginu var 1.000 í upphafi árs 2016. Viðskiptavildin varð til við kaup á Fjármálaframtíðinni hf. árið 2012 sem var svo sameinað FinTec hf. í kjölfar kaupanna. Viðskiptavildin var fram til ársloka 2015 metin með árlegu virðisprófi og stóðst prófið með glans. Vöxtur og viðgangur FinTec hf. var góður á árinu 2016 líkt og fyrri ár, reksturinn gekk betur en áætlanir stjórnenda höfðu gert ráð fyrir og mikill hagnaður var af rekstri félagsins. Þrátt fyrir þennan góða gang var bókfært verð viðskiptavildar félagsins 900 í lok árs 2016.

Verkefni þitt er að svara með viðeigandi tilvísunum og rökstuðningi:

- 1. Hvers vegna hefur bókfært verð viðskiptavildar félagsins lækkað frá upphafi til loka árs 2016 þrátt fyrir arðsaman rekstur?**
- 2. Hefðu stjórnendur FinTec hf. getað gripið til einhverra ráðstafana á árinu 2016 sem myndu hafa leitt til þess að bókfært verð fyrrnefndrar viðskiptavildar yrði líklega aftur orðið 1.000 frá og með ársbyrjun 2017?**

Svarið í word-svarskjali

Verkefni 14 – 25 mín.

Félagið hf. beitir alþjóðlegum reikningsskilastöðlum. Í upphafi árs 2016 seldi það gegn staðgreiðslu fasteign sína til fasteignafélags en gerði samhliða samning um leigu á fasteigninni til næstu tólf ára. Leigusamningurinn flokkast sem rekstrarleigusamningur. Bókfært verð fasteignarinnar á söludegi var 1.500, gangvirði hennar 1.700 en söluvirði 2.000. Árleg leigugreiðsla er 125 og er greidd í lok hvers ár.

Verkefni þitt er að svara eftirfarandi spurningum með viðeigandi tilvísunum og rökstuðningi:

- 1. Hvernig ber Félaginu hf. að færa fyrrgreind viðskipti í bókhald á þeim degi sem sölu- og endurleigusamningurinn er gerður? Gerið bókhaldsfærslur, lýsið þeim og tilgreinið fjárhæðir.**
- 2. Hvaða færslur þarf Félagið hf. að gera í bókhald vegna viðskiptanna í lok árs 2016?**

Svarið í excel-svarskjali

Verkefni 15 – 25 mín.

Shrimp Holding ehf. (hér eftir SH) er félag í rækjuíðnaði sem er aðallega í eigu einkahlutafélags stofnandans, sem á 92% hlut, en börn hans fjögur eiga hvert um sig 2% hlut. SH á allt hlutfé (100%) í eftirfarandi fjórum félögum:

Shrimp Plant 1 ehf.	(hér eftir SP1)
Shrimp Plant 2 ehf.	(hér eftir SP2)
Shrimp Marketing Ltd. í Bretlandi	(hér eftir SM1)
Shrimp Marketing Inc. í Bandaríkjunum	(hér eftir SM2)

Alma Gunnarsdóttir er fjármálastjóri samstæðunnar.

SP1 rekur eina rækjuverksmiðju og SP2 aðra. Báðar verksmiðjurnar sjóða og pilla rækjur. Meginhluti framleiðslunnar eða um 55% fer til kaupenda í Bretlandi en afgangurinn dreifist til kaupenda í öðrum evrópulöndum, Bandaríkjunum, Kanada og Mexíkó. SM1 og SM2 hafa að mestu séð um markaðssetningu og sölu á rækjunni, bæði í Bretlandi og annars staðar, en kaupendur eru einkum verslunarkeðjur eins og Tesco, Carrefour, Publix, Target og Whole Foods. Hafa viðskiptin verið með þeim hætti að SM1 og SM2 hafa keypt pillaða og frysta rækju af rækjuverksmiðjunum tveimur (SP1 og SP2) og svo endurselt hana áfram til kaupenda. SM1 er með frystigeymslur í Bretlandi og SM2 í Bandaríkjunum og stundum safnast þar upp nokkurt magn ef salan gengur treglega. Hagnaður hefur orðið af viðskiptunum, bæði hjá SP1 og SP2 sem og hjá SM1 og SM2. Lengi vel keyptu verksmiðjurnar umbúðir frá íslenskum framleiðanda, en nú láta þær framleiða umbúðir í Mexíkó þar sem það er talsvert hagstæðara og þá sérstaklega ef kaupandinn er bandaríska félagið SM2. Það er vegna fríverslunarsamnings Kanada, Bandaríkjanna og Mexíkó (e. NAFTA). SM2 semur um framleiðsluna og selur umbúðirnar svo áfram til SP1 og SP2 á framleiðsluverðinu. Trukkar SM2 sem flytja rækju til Mexíkó hafa fram til þessa verið tómir á bakaleiðinni en flytja nú umbúðirnar til Bandaríkjanna og koma þeim í skip til Íslands, án endurgjalds, enda hefðu þeir ella verið tómir. SP1 og SP2 flytja umbúðirnar inn á kaupverði.

Í textanum er að finna viðskipti sem telja verður vafasöm út frá skattalögum. Verkefni þitt er að benda Ölmú á umrædd viðskipti og lýsa hvað það er sem telst vera vafasamt. Jafnframt skal tilgreina þrjár tegundir skatta sem kunna að vera rangir vegna þessa og vísa til lagagreina í tveimur skattalagabálkum þar sem um þetta er fjallað.

Svarið í word-svarskjali

Verkefni 16 – 30 mín.

Nokkuð tap hefur verið á rekstri Holl matvara ehf. (hér eftir HM) frá því að það var stofnað á árinu 2009 og var gerð grein fyrir því í skattframtali félagsins 2015. Uppsafnað tap í lok árs 2015 var 17.543.211 kr. Vegna framtaksleysis forsvarsmanna HM skilaði félagið ekki skattframtali 2016 og sætti það því áætlun opinberra gjalda það ár. Áætlunin var það lág að forsvarsmönnum HM fannst það ekki svara kostnaði að gera framtal og undu því áætluninni. Grænt er gott ehf. (hér eftir GEG) sem er í eigu sömu aðila og í svipuðum rekstri og HM var stofnað 2010 og tapaði allt frá stofnun þar til rekstri þess var hætt á árinu 2013. Ákveðinn viðsnúningur hefur hins vegar orðið í rekstri um hollustumatvöru á síðustu misserum, m.a. samfara breyttum lifnaðarháttum og fjölgun ferðamanna. Í byrjun árs 2016 var nýju lífi blásið í starfsemi GEG til að nýta tapið þar. Skilaði rekstur beggja félaga, HM og GEG, hagnaði á árinu 2016.

HM keypti fyrir nokkuð mörgum árum annað félag, Náttúrulega ehf. (hér eftir N), og hefur rekið það sem dótturfélag. Nokkuð skattalegt tap hefur safnast upp í N og í febrúar 2017 var ákveðið að hætta rekstri þess, selja allar eignir þess og sameina það HM. Sölu eigna var lokið í maí 2017, í júní 2017 var gengið frá samrunaáætlun félaganna sem gerði ráð fyrir 1. janúar 2017 sem viðmiðunardegi samrunans (uppgjörssdegi) og samruninn var samþykktur á hluthafafundum í félögunum í júlí 2017. Eftir eignasöluna átti N laust fé og skammtímakröfur að fjárhæð 25 milljónir króna en skuldir þess voru 30 milljónir króna. Það liggur fyrir að rekstur félaganna hefur verið sams konar frá stofnun þeirra beggja. Þá er ljóst að tölurverð samlegð felst í samrunanum og erfitt að halda því fram að hann sé ekki gerður í venjulegum og eðlilegum rekstrartilgangi.

- A. Forsvarsmenn HM og GEG velta nú fyrir sér hvort þeim sé heimilt í skattframtölum félaganna 2017 að nýta til frádráttar tekjum eftirstöðvar rekstrartapa frá fyrri árum. Verkefni þitt er að upplýsa þá um hvort svo er og af hverju. Rökstyðja skal svör og vísa til viðeigandi ákvæða laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.**
- B. Þá er verkefni þitt að upplýsa forsvarsmennina hvort skilyrði eru uppfyllt fyrir yfirfærslu rekstrartaps frá N til HM. Rökstyðja skal svör og vísa til viðeigandi ákvæða laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.**

Svarið í word-svarskjali

Verkefni 17 – 30 mín.

Þú ert endurskoðandi hjá Gæðaendurskoðun ehf. Þú og aðstoðarmaður þinn eruð að vinna að endurskoðun á ársreikningi félagsins Við framleiðum ehf. vegna ársins 2016. Við framleiðum ehf. er stórt framleiðslufyrirtæki sem gerir ársreikning í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla. Fyrirtækið hefur stækkað mikið á undanförunum árum meðal annars með kaupum á öðrum fyrirtækjum í sama rekstri sem hafa síðan verið sameinuð félaginu í framhaldinu. Við þessi kaup og samruna hefur myndast veruleg viðskiptavild sem hefur verið eignfærð í ársreikningi félagsins.

Aðstoðarmaður þinn hefur verið að endurskoða virði ofangreindrar viðskiptavildar og þar sem styttest í að þú þurfir að fara að árita reikningsskilin kallar þú aðstoðarmanninn á þinn fund og spyrð hann hvernig gangi með endurskoðunina á virði viðskiptavildarinnar.

Hann svarar:

“Þetta gekk bara vel. Við erum búin. Eins og í fyrra fengu stjórnendur félagsins utanaðkomandi sérfræðing til að framkvæma virðisrýrnunarprófið á viðskiptavildinni en eins og þú veist er þetta stærsti liðurinn í efnahagsreikningnum. Í því ljósi og eins þar sem um er að ræða flókið viðfangsefni taldi ég að skynsamlegt væri að kalla til innanhússérfræðing hjá okkur til að sjá um yfirferð á virðisrýrnunarprófinu. Ég ákvað því að heyra í Jónu Jónsdóttur í fjármálaráðgjöfinni hjá okkur. Þó að ég þekki hana ekki mikið þá vissi ég að það væri rólegt hjá henni og að hún myndi því væntanlega hafa tíma til að hjálpa okkur. Ég var líka að vinna með henni um daginn þegar við vorum að aðstoða við fjárhagslegu endurskipulagninguna á Við seljum ehf. og vissi því að hún væri fín. Ég heyrði í henni og hún sagðist vera klár í þetta. Í framhaldi af því sendi ég henni tölvupóst með öllum gögnum um virðisrýrnunarprófið sem ég hafði fengið frá Siguu fjármálastjóra Við framleiðum ehf. Í tölvupóstinum listaði ég líka upp hver verkaskiptingin væri á milli okkar og hvað það væri sem ég vildi nákvæmlega að hún gerði og hvenær þetta þyrfti að vera tilbúið. Jóna var ekki lengi að þessu og í gær sendi hún mér tölvupóst þar sem hún staðfesti að miðað við hennar útreikninga, sem fylgdu með tölvupóstinum, væri virðisrýrnunarprófið í lagi. Ég sendi henni póst til baka og þakkaði fyrir skjót viðbrögð og vistaði svo tölvupóstinn frá henni í endurskoðunarfælnum.“

Úrlausnarefni:

Gerðu ítarlega grein fyrir því hvað þú telur að hafi annars vegar verið gert vel við notkun á vinnu sérfræðings við endurskoðun á virði viðskiptavildar miðað við ofangreinda lýsingu aðstoðarmannsins og hins vegar hverju er ábótavant. Gerðu einnig skýrar tillögur til aðstoðarmannsins um hvaða viðbótarvinnu hann ætti að vinna til að bæta úr þeim ágöllum sem þú telur að séu á vinnu hans ef við á er varðar notkun á vinnu sérfræðings miðað við ofangreinda lýsingu.

Rökstyddu svarið með tilvísun í lög, reglur, staðla eða önnur gögn eftir því sem við á.

Svarið í word-svarskjali

Verkefni 18 – 90 mín.

Hjá Flugþjónustunni hf. sem selur útsýnisflug og leiguflug eru tekjur mjög mikilvægur liður. Félagið er í eigu fimm fjárfesta sem hafa enga aðkomu að daglegum rekstri félagsins. Í október 2016 hófst endurskoðunarvinna vegna ársins 2016 og þar með talin öflun upplýsinga um innra eftirlit fyrirtækisins í þeim tilgangi að leggja mat á áhættu.

Hér að neðan er lýsing á ferli sem tekur til tekna hjá fyrirtækinu sem aðstoðarmaður þinn hefur unnið, en þú ert verkefnastjóri í endurskoðunarteyminu:

TEKJUR

Félagið selur útsýnisflug og leiguflug og notar til þess 7 litlar flugvélar sem félagið á. Bæði er um að ræða sölu til einstaklinga en líka til fyrirtækja og stofnana.

PANTANIR

Pantanir berast til skrifstofu félagsins í gegnum heimasíðu þess, í tölvupósti eða í gegnum síma. Jón framkvæmdastjóri eða Jónas sölustjóri taka yfirleitt á móti pöntunum en einnig Gunna bókari sem vinnur á skrifstofunni en þá aðallega ef hringt er inn. Ef Gunna tekur við pöntun sendir hún skilaboð til Jóns eða Jónasar sem hafa samband við kaupanda ef þarf til að fá nánari upplýsingar. Engin sérstök pantanaeyðublöð eru til staðar. Einnig er eitthvað um að fólk mæti bara á staðinn og óski eftir því að komast í flug. Jón eða Jónas skrá pantanir niður í excelskjal sem þeir hafa einir aðgang að og þar koma meðal annars fram upplýsingar um tímasetningu flugsins og umsamið verð þess. Flugíð er yfirleitt selt fyrir fast gjald fyrir ákveðinn tíma samkvæmt verðskrá en stundum þarf að gera tilboð og er það að aukast. Jón og Jónas sjá um tilboðsgerð og ákveða þá gjaldið en ekki liggja fyrir neinar formlegar reglur um hve mikinn afslátt þeir mega gefa. Þeir segjast hins vegar vita að það er ekki gott ef þeir eru farnir að gefa meira en 30% afslátt frá verðskránni.

Jón eða Jónas skipuleggja flugið og láta flugmennina hafa flugskrá sem þeir fljúga eftir. LOG vélarinnar er skrá sem tekin er út eftir hvert flug. Á skjalinu kemur meðal annars flugtími fram sem og fjöldi farþega í vélinni og er skylda að geyma það skjal á meðan vélin er gangandi, þannig geymir Flugþjónustan öll LOG skjöl.

REIKNINGAGERÐ

Reikningar eru gerðir í sölukerfinu, Jón og Jónas eru þeir einu sem hafa aðgang að því. Reikningar eru gerðir eftir pöntunum sem Jón eða Jónas hafa skrifað niður í excel pantanaskjalið. Þegar búið er að gera reikning vegna pöntunar þá setja Jón eða Jónas stafina sína við pöntunina í excel skjalinu sem staðfestingu á því að búið sé að gera reikning vegna hennar. Til að tryggja að gerðir séu reikningar fyrir öllum flugum fer Jón framkvæmdastjóri á um það bil 3 mánaða fresti yfir excel pantanaskjalið og passar að gerðir hafi verið reikningar á móti öllum flugum sem skráð eru í skjalið.

Engin sérstök regla er á því hvenær Jón eða Jónas gera reikninga, ef viðskiptavinurinn greiðir með kortum þá reyna þeir þó að gera reikningana jafnóðum en ekki vinnst alltaf tími til þess. Þegar búið er að gera reikning þá uppfærir hann samtímis í sölukerfinu og hver og einn reikningur fær sér reikningsnúmer. Sölukerfið er síðan uppfært daglega

af Jónasi sölustjóra og þá bókast salan inn í fjárhagsbókhaldið. Í tengslum við gerð ársreiknings er sölukerfið síðan stemmt af við fjárhagsbókhaldið af Gunnu bókara til að ganga úr skugga um að það sé enginn mismunur þar á milli og setur Gunna bókari stafina sína á afstemminguna því til staðfestingar.

Þegar reikningur verður til í sölukerfinu stofnast krafa á viðskiptamanninn í viðskiptamannabókhaldinu sem og innheimtuseðill í banka, það er þegar um reikningsviðskipti er að ræða.

Ef þarf að gera kreditreikninga þá er það yfirleitt ef viðskiptavinir hafa verið ósáttir með þjónustuna. Jón gerir kreditreikninga í sölukerfinu en ekki er mikið um slíkt.

MÓTTAKA GREIÐSLNA

Ekki er tekið við peningum sem greiðslu. Öll sala fer í reikning eða er greidd með greiðslukortum.

Þegar gerður er reikningur sem greiddur er með greiðslukorti er hann merktur sem slíkur og þegar sölukerfið er uppfært í fjárhagsbókhaldið þá myndast krafa vegna þessa á fjárhagslykli sem heitir „Krafa vegna greiðslukorta“.

Ef um er að ræða reikningsviðskipti myndast krafa í viðskiptamannakerfinu sem og innheimtukrafa í bankanum og síðan krafa í fjárhagsbókhaldinu þegar sölukerfið er uppfært í fjárhagsbókhaldið.

Vikulega fær Erna gjaldkeri rafræna skrá frá bankanum um innborganir frá viðskiptavinum sem hún les inn í viðskiptamannabókhaldið. Greiðslukortafyrirtækin millifæra á Flugþjónustuna mánaðarlega miðað við uppgjör.

Allir viðskiptamenn eru afstemmdir tvisvar á ári af Ernu gjaldkera sem staðfestir það með því að setja stafina sína á afstemminguna. Stöðulisti viðskiptamanna er borinn saman við aðalbók árlega í tengslum við ársuppgjör. Bankareikningar eru afstemmdir á tveggja mánaða fresti af Ernu gjaldkera sem og reikningar vegna útistandandi greiðslukortakrafna og setur hún stafina sína á afstemmingarnar því til staðfestu.

Erna gjaldkeri fylgir innheimtu viðskiptakrafna eftir með reglubundnum hætti og allar viðskiptakröfur sem komnar eru 15 daga fram yfir eindaga eru sendar í innheimtu til Innheimtunnar ehf.

Stundum þarf að afskrifa viðskiptakröfur sem ekki hefur gengið að innheimta og er Jón framkvæmdastjóri sá eini sem hefur heimild og aðgang til þess.

VIÐHALD VIÐSKIPTAMANNAKERFIS

Jón og Jónas hafa aðgang að viðskiptamannaskránni og sjá alveg um að stofna nýja viðskiptamenn og að viðhalda viðskiptamannaskránni. Einnig hafa þeir aðgang að verðskránni og geta breytt henni ef á þarf að halda.

Úrlausnarefni:

- a) Greindu þá veikleika í innra eftirliti sem fram koma í framangreindri lýsingu og tilgreindu hvaða afleiðingar veikleikarnir geta haft fyrir fyrirtækið. Gerðu grein fyrir þeim mögulegu úrbótum á innra eftirliti sem þú álitur að stjórn fyrirtækisins geti gripið til varðandi tekjuferilinn.
- b) Skilgreindu þær áhættur (e. risks of material misstatement) sem þú telur að við eigi vegna endurskoðunar á tekjum hjá Flugþjónustunni hf. með hliðsjón af því sem fram kemur í ofangreindri lýsingu og þeirra atriða sem almennt eiga við um endurskoðun á tekjum fyrirtækja. Fyrir sérhverja áhættu (e. risk of material misstatement) þarf að meta og rökstyðja hvort hún sé lykiláhætta (e. significant risk of material misstatement) eða ekki. Einnig skal koma fram hvaða staðhæfingum stjórnenda (e. management assertions) einstakar áhættur tengjast.
- c) Umsjónarendurskoðandi verkefnisins hefur lagt á það áherslu að við endurskoðun á tekjum hjá Flugþjónustunni verði stuðst að hluta við aðgerðaendurskoðun (e. control testing). Ákvarðaðu og rökstyddu hvað af ofangreindum áhættum, samanber svar við b lið hér að framan, er skynsamlegt að framkvæma aðgerðaendurskoðun á og skrásettu hvaða eftirlitsaðgerð/-ir það eru sem þú vilt skoða fyrir hverja áhættu. Útbúðu síðan skýr og greinargóð endurskoðunarfyrirmæli vegna aðgerðaendurskoðunar (e. control testing) á tekjum hjá Flugþjónustunni hf. með hliðsjón af því sem fram hefur komið í dæminu og svörum þínum hér að framan.
- d) Ákvarðaðu og rökstyddu hvort að þú teljir skynsamlegt að beita greiningaraðgerðum (e. substantive analytical procedures) eða ítarlegri endurskoðun (e. tests of details) við gagnaskoðun (e. substantive procedures) á tekjum hjá Flugþjónustunni hf. í framhaldinu. Útbúðu síðan skýr og greinargóð endurskoðunarfyrirmæli vegna gagnaskoðunar (e. substantive procedures) á tekjum hjá Flugþjónustunni hf. með hliðsjón af því sem fram hefur komið í dæminu og svörum þínum hér að framan. Til einföldunar í þessu dæmi skal miða við að gagnaskoðunin verði unnin eftir lok reikningsskiladags.

Rökstyddu svarið með tilvísun í lög, reglur, staðla eða önnur gögn eftir því sem þú telur ástæðu til.

Svarið í word-svarskjali

Verkefni 19 – 60 mín.

Geislataekni hf. er félag sem gerir ársreikning sinn í samræmi við ársreikningalög. Félagið á eignarhluti í dóttur- og hlutdeildarfélagum, auk þess að vera sjálft í öflugum rekstri og þróunarstarfsemi. Fjármálastjóri Geislataekni hf. hefur að undanförmu unnið að gerð ársreiknings félagsins og samstæðureiknings fyrir árið 2016. Hann leitar til þín vegna nokkurra álitamála um bindingu á eiginfjárreikningum í ársreikningi móðurfélagsins vegna breytinga á ársreikningalögum á árinu 2016. Geislataekni hf. beitir hlutdeildaraðferð við færslu eignarhluta í dóttur- og hlutdeildarfélagum í móðurfélagsreikningnum.

- A) Dótturfélögin, sem eru að fullu í eigu Geislataekni hf., eru Geislaskurður ehf., Geislasuða ehf. og Beamcutting Ltd. Afkoma þeirra á árinu 2016 var þannig að Geislaskurður hagnaðist um 12.500, Geislasuða tapaði 625 og Beamcutting hagnaðist um GBP 38 (sem svarar til 6.232 miðað við meðalgengi ársins 2016 og 5.206 miðað við árslokagengi).
- B) Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélagsins Stálplötusmíði hf. er 328 en þá á eftir að taka tillit til árlegrar afskriftar yfirverðs að fjárhæð 56 sem myndaðist þegar eignarhluturinn í Stálplötusmíði hf. var keyptur árið 2013. Af arði sem samþykktur var á aðalfundi Stálplötusmíði hf. í ágúst 2016 fékk Geislataekni hf. 135 í samræmi við eignarhlut sinn í félaginu.
- C) Geislataekni hf. flutti á árinu 2015 í nýtt og mun stærra húsnæði. Eldri fasteign félagsins var þá leigð með langtímaleigusamningi til óskylds félags. Á sama tíma var fasteignin endurflokkuð sem fjárfestingarfasteign. Geislataekni hf. færir fjárfestingarfasteignina á gangvirði. Gangvirðishækkun fasteignarinnar nam 35 á árinu 2016.
- D) Geislaskurður ehf. vinnur að þróun lausna við skurð á stálplötum og öðrum málum. Eignfærður þróunarkostnaður á árinu 2016 nam 426 og er gert ráð fyrir að hann verði afskrifaður frá og með árinu 2018. Afskriftir af eldri þróunarkostnaði námu 631 á árinu 2016.
- E) Geislataekni hf. átti í upphafi árs 2016 nokkurt laust fé sem fjárfest var fyrir á skuldabréfamarkaði. Keypt voru óverðtryggð ríkisskuldabréf sem bera 4,5% nafnvexti. Bréfin eru færð á gangvirði gegnum rekstur en teljast ekki veltufjáreignir (e. trading assets). Vextirnir eru greiddir árlega á gjalddaga þann 1. janúar. Áfallnir vextir ársins námu 112 og voru þeir greiddir á gjalddaga þann 1. janúar 2017. Markaðsverð bréfanna hækkaði um 281 frá kaupdegi til ársloka 2016.

Verkefni þitt er að svara spurningum fjármálastjórans um hvort binda skuli eigið fé í móðurfélagsársreikningi Geislataekni hf. fyrir árið 2016, hversu háa fjárhæð og á hvaða liðum það skuli gert fyrir sérhvern ofangreindra liða. Ekki er þörf á að setja fram eiginfjárskýringu en fjalla skal sérstaklega um hvern og einn ofangreindra liða og reikna út bindingu eftir því sem við á. Ef þú telur að lagaákvæði séu óskýr um það hvort einhverjir fyrrnefndir liðir kalli á bindingu skal nefna það. Sama á við ef fjárhæð bindingar er óljós vegna einhverra liða.

Svarið í excel-svarskjali

Verkefni 20 – 30 mín.

Rekstrarfjármunir eru megineign Orkuvirkis hf. Stjórn félagsins ákvað síðla árs 2016 að kanna hvort mögulegt væri að endurmeta rekstrarfjármuni félagsins á grundvelli alþjóðlegra reikningsskilastaðla, sem félagið notar við gerð reikningsskila sinna. Óháðir sérfræðingar unnu tvenns konar mat á eignum félagsins. Annars vegar var reiknað endurstofnvirði eigna miðað við árslok 2016. Hins vegar var gerð sjóðstreymisgreining, þar sem áætlað framtíðarsjóðstreymi félagsins var núvirt miðað við 31. desember 2016. Niðurstaða endurmatvinnunnar var að endurstofnverð orkuvera félagsins var 17.726 millj. kr. hærra en bókfært verð þeirra í árslok 2016. Samkvæmt sjóðstreymisgreiningunni var reiknað virði orkuveranna 14.263 millj. kr. hærra en bókfærða verðið í árslok 2016. Endurstofnverð annarra rekstrarfjármuna var 108 millj. kr. hærra en bókfærða verðið. Stjórn félagsins ákvað að nýta heimild í IAS 16 til að endurmeta orkuverin enda myndu auknar afskriftir vegna endurmatans ekki skerða getu félagsins til arðgreiðslna. Jafnframt ákvað stjórnin að aðrir rekstrarfjármunir skyldu ekki endurmetnir, þar sem ekki tæki því vegna lágra fjárhæða og óverulegra áhrifa á eigið fé félagsins.

Tekjuskattur Orkuvirkis er 20%.

Drög:			
Rekstrarfjármunir Orkuvirkis hf. greinast þannig:			
Fjárhæðir eru í millj. kr.		Aðrir rekstrar-	
	Orkuver	fjármunir	Samtals
Heildarverð			
Staða 1.1.2015	25.159	1.626	26.785
Flutt af rekstrarfjármunum í byggingu	1.821	0	1.821
Viðbætur á árinu	117	36	153
Selt og niðurlagt	0	-11	-11
Staða 31.12.2015	27.097	1.651	28.748
Viðbætur á árinu	526	61	587
Selt og niðurlagt	0	-170	-170
Staða 31.12.2016	27.623	1.542	29.165
Afskriftir			
Staða 1.1.2015	1.828	175	2.003
Afskriftir ársins	912	39	951
Selt og niðurlagt	0	-9	-9
Staða 31.12.2015	2.740	205	2.945
Afskriftir ársins	946	39	985
Selt og niðurlagt	0	-169	-169
Staða 31.12.2016	3.686	75	3.761
Bókfært verð			
1.1.2015	23.331	1.451	24.782
31.12.2015	24.357	1.446	25.803
31.12.2016	23.937	1.467	25.404

Verkefni þitt er eftirfarandi:

- A) Útbúðu greiningu á rekstrarfjármunum sem sýnir hvernig endurmatið myndi birtast í skýringum ársreikningsins, ásamt öðrum nauðsynlegum upplýsingum, með því að endurbæta töfluna hér á undan. Ekki þarf að gera skýringu um reikningsskilaaðferð.**
- B) Sýndu færslur sem gera þarf árið 2016 á eigið fé vegna endurmatsins.**
- C) Stjórn Orkuvirkis var gagnrýnd fyrir hentistefnu þegar hún ákvað að endurmeta aðeins hluta rekstrarfjármunanna. Svaraðu spurningu stjórnarformanns Orkuvirkis, sem spyr hvort slíkt sé ekki örugglega heimilt.**

Svarið í excel-svarskjali

Verkefni 21 – 40 mín.

Stjórnir TUX Group hf. og Growth ehf. náðu í gærmorgun samkomulagi sem gerir ráð fyrir að TUX Group hf. gefi út nýja hluti til Growth ehf. og fái í staðinn alla eignarhluti sem Growth ehf. á í Bjartsýni hf., Thor Ltd. í Bretlandi og Software AB í Svíþjóð. Samkomulagið er með fyrirvara um samþykki hluthafafundar TUX Group hf. TUX Group hf. er skráð í Kauphöll OMX. Starfsemi félagsins snýst fyrst og fremst um fjárfestingar í hlutabréfum og skuldabréfum. Eignasafnið í dag samanstendur að mestu leyti af hlutabréfum.

Nafnverð hlutafjár TUX Group hf. er 1.000 milljónir króna og samningurinn gerir ráð fyrir að það sé hækkað um 300 milljónir króna sem renni óskipt til Growth ehf. Hlutir Growth ehf. í Bjartsýni hf. eru 400 milljónir króna að nafnverði. Um er að ræða 40% heildarhlutafjár félagsins. Growth ehf. á 21% hlut í Thor Ltd. og 13% hlut í Software AB. Thor Ltd. einbeitir sér að fjárfestingum í fasteignum en Software AB er, eins og nafnið gefur til kynna, í ýmis konar hugbúnaðarstarfsemi.

Nýja hlutaféð í TUX Group hf. er í framangreindu samkomulagi metið á 3 milljarða kr., sem er 10% lægra en síðasta viðskiptaverð í Kauphöll OMX. Því er nýja hlutaféð í TUX Group hf. selt á genginu 10.

Hlutir Growth ehf. í Bjartsýni hf., Thor Ltd. og Software AB eru í framangreindu samkomulagi og samkvæmt öðrum upplýsingum metnir á 3 milljarða króna. Fyrir liggur greinargerð Atvinnuvegabankans hf. þar sem fram kemur að framangreint samkomulag sé ekki óeðlilegt miðað við þær upplýsingar sem liggja fyrir, m.a. frá forsvarsmönnum félaganna. Growth ehf. hefur skuldbundið sig til að bæta tjón sem TUX Group hf. kann að verða fyrir á tímabili sem telur til 12 mánaða frá þessum fyrirhuguðu viðskiptum, ef í ljós kemur að upplýsingar um þær eignir sem seldar eru TUX Group hf. séu í verulegum mæli rangar og væntingar um arðsemi standist ekki.

Í gærðag hafði stjórnarformaður TUX Group hf. samband við lögmanninn Rósu og óskaði eftir að hún gerði nauðsynlega sérfræðiskýrslu eins og skylt er samkvæmt lögum um hlutafélög þegar til stendur að greiða fyrir nýja hluti með öðru en reiðufé. Rósa byrjaði á verkinu en veiktist skyndilega áður en hún gat klárað það. Rósa hafði skrifað þetta niður:

„TUX Group hf.
kt. 580985-1218
Hljómskálastræti 9
101 Reykjavík

Reykjavík, 11. október 2017.

Efni: Sérfræðiskýrsla, sbr. 37. gr. og 5.-8. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, vegna hlutafjárukningar TUX Group hf., kt. 580985-1218.

Stjórn TUX Group hf., hefur lagt til að hækka hlutafé félagsins um 300 milljónir króna, í samræmi við samning sem undirritaður var.....“

Stjórnarformaðurinn leitaði þá til gamals skólafélaga síns sem er endurskoðandi. Hann er tilbúinn að skrifa undir en óskaði eftir að fá drög að skýrslu sem hann gæti eftir atvikum lagað til. Stjórnarformaðurinn leitar því til þín.

Verkefni þitt er að ljúka drögum að umræddri sérfræðiskýrslu fyrir endurskoðandann á grundvelli framangreindra upplýsinga.

Svarið í word-svarskjali